

Nd.

444. Frumvarp

til laga um Kreppulánasjóð.

Frá kreppunefnd.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1940 skulu vaxtagreiðslur þær, sem Búnaðarbanki Íslands á að inna af hendi til ríkissjóðs, renna í sérstakan sjóð, er nefnist Kreppulánasjóður.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram á árunum 1934—40 samtals 2 millj. króna, sem greiðist í Kreppulánasjóð jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum eða sett hafa verið lög um sérstaka tekjustofna í því skyni.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf að upphæð allt að 8 millj. kr., tryggð með ábyrgð ríkisins. Vextir af bréfunum skulu vera 4,5%. Bréfin skulu gefin út til 40 ára, og innleysist 1/40 þeirra á ári.

Fjármálaráðherra setur reglur um gerð, upphæð og útdrátt bréfanna.

Skuldabréf þessi eru höfuðstóll Kreppulánasjóðs auk framlags þess, sem um getur í 1. og 2. gr., og skulu þau með nafnverði vera fullgildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignarverði eða handveði.

4. gr.

Fé sjóðsins skal varið til lánveitinga handa bændum og öðrum, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, með þeim nánari skilyrðum, er í lögum þessum greinir.

Lán og greiðslur úr sjóðnum fara fram sumpart í reiðu fé, sumpart í ríkisskuldabréfum, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg og hafi gert það undanfarin þrjú ár:
2. Að hann hafi þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans.
3. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli. Við mat á því skal tekið sérstakt tillit til, hvort eignirnar eru arðberandi eða óarðbærar (t. d. bús á jörðu).
4. Að umsækjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar sé vel hæfur til að reka landbúnað.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda, enda séu lán þessi ásamt skuldum þeim, sem samið er um samkvæmt 13. gr., forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.
6. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánnum sínum, er hann hefir fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

6. gr.

Til aðstoðar sjóðsstjórninni um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar skal skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skal einn skipaður af sjóðsstjórninni, annar af hlutaðeigandi sýslunefnd. en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Kostnað við störf nefndanna greiði hlutaðeigandi sýslusjóður að $\frac{1}{3}$ og Kreppulánasjóður að $\frac{2}{3}$. Þó má greiðsla úr Kreppulánasjóði eigi fara yfir 5 kr. á dag í dagkaup og ferðakostnað. Sýslunefnd ákveður, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra.

7. gr.

Umsóknir um lán úr Kreppulánasjóði, stilaðar til sjóðsstjórnarinnar, skulu sendar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem afgreiðir þær þegar til sjóðsstjórnarinnar með rökstuddri umsögn um, hvort hún telji, að umsækjendur geti komið til greina um lánveiting. Ennfremur skal héraðsnefnd útvega og senda sjóðsstjórninni eftirfarandi gögn svo fljótt sem verða má:

1. Sundurliðaða skrá um eignir lánbeiðanda og mat héraðsnefndar á þeim, byggt á síðasta skattaframtali. Sé þar nákvæmlega fram tekið, hverjar fasteignir hans eru, hve mikið hann á af hverri tegund búpenings, vélar og verkfæri, kröfur á aðra og annað, sem máli skiptir.
2. Sundurliðaða skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuld- arupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð, og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála o. fl.
3. Sundurliðaða skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hverjar líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið búskap, og hvar.
5. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
6. Rökstutt álit héraðsnefndar um aðstöðu lánbeiðanda til búrekstrar, þar á meðal fjölskyldustærð og framfæringatölu, fólksafla og afkomumöguleika.
7. Upplýsingar um aðstöðu til markaðs fyrir búsafurðir hans.
8. Álit héraðsnefndar um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana lánbeiðanda sé unnt að standa, samhliða lífvænlegum búrekstri.
9. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

8. gr.

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem eigi hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests.

9. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin svo fljótt sem því verður við komið taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr Kreppulánasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti eigi komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

10. gr.

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá svo fljótt sem auðið er semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til,

11. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 10. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal skuldunaut sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan fimm daga frá því tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Sé svar neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrít af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu sjóðsins.

12. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 11. grein getur, skal sjóðsstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning skuldunauts, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimting á að fá sérhverjar upplýsingar um hag skuldunauts, er sjóðsstjórnin getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber stjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

13. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir meira en helmingi þeirra krafna, er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hvernar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

14. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá láns-skjölum, og sér hún því næst um, að samningi sé fullnægt, eftir því sem hann mælir fyrir um.

15. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut.

16. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts táljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, stofnaðar fyrir 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að skuldin sé hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því á eigum skuldunauts, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

17. gr.

Frá því að skuldunautur hefir sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað að til samningaumleitunum endanlega er lokið, má skuldunautur eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótviræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má heldur ekki selja eignir sínar, umfram venjulega afurðasölu, né gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að skuldunautur hefir brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn þegar hafa tekið á móti, verður eigi endurheimt.

18. gr.

Frá því að skuldainnköllun er útgefin og þangað til samningaumleitunum er lokið, má enginn af skuldheimtumönnum gera aðför hjá skuldunaut, né heldur verður bú hans tekið til gjaldþrotaskipta á sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú skuldunauts er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því samningaumleitunum lauk og við skiptin kemur það í ljós, að skuldunautur hefir brotið gegn ákvæðum 16. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum eða greiðslum, er ólöglega hafa fram farið, samkv. reglum

gjaldprotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því búskipti byrja.

19. gr.

Lánnum úr Kreppulánasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakanda, og verða þau veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Lánin er heimilt að veita til allt að 42 ára, og nemur þá árgjald, vextir og afborgun 5 af hundraði.

Þó skal það áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðsstjórnar, þá geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu.

Þá má og áskilja, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, þá sé lánið allt þegar fallið í gjalddaga.

Gjalddagi skal vera 15. nóv. ár hvert. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. des. næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

20. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs fram til 31. desember 1934 skipa þrír menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis. En eftir þann tíma skal stjórn Búnaðarbankans falin stjórn sjóðsins án endurgjalds.

Búnaðarbankinn hefir á hendi afgreiðslu sjóðsins og reikningshald. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans. úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

21. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að taka lán til þess að flýta fyrir starfsemi sjóðsins, en þó aldrei meira en svo, að öruggt sé, að lánin verði endurgreidd með því fé, er til sjóðsins á að falla samkv. 1. gr.

22. gr.

Lánveitingum úr Kreppulánasjóði skal vera lokið fyrir 31. desember 1934.

23. gr.

Frá 1. janúar 1941 skulu öll árgjöld Kreppulánasjóðs, að frádregnum rekstrarkostnaði sjóðsins, endurgreidd rikissjóði við reikningslok hvers árs.

24. gr.

Heimilt er stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki ráðherra, að greiða úr sjóðnum afborganir og vöxtu af fasteignaveðslánum bænda, eftir því sem ákveðið kann að verða með sérstökum lögum.

25. gr.

Heimilt er sjóðsstjórninni, með samþykki ráðherra, að verja úr Kreppulánasjóði allt að 1½ milljón króna til þess:

- a. að veita bændum verðuppbót á kjöti, er þeir selja til útflutnings af framleiðslu ársins 1933, allt að þeirri upphæð, sem þarf til þess að þeir fái 60 auru fyrir hvert útflutt kilógramm af I. og II. flokks dillakjöti að meðaltali.
- b. að veita frystihúsum, sem frysta kjöt til útflutnings, styrk allt að $\frac{1}{4}$ stofn-kostnaðar, enda séu frystihúsin eign samvinnufélaga eða sýslufélaga.
- c. að veita mjólkur- og smjörbúum styrk og lán, eftir því sem ákveðið kann að verða með sérstökum lögum.
- d. að veita bændum styrk og lán til kaupa á innfluttu karakulafé, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur og ráðherra staðfestir.
- e. að veita styrk og lán til ræktunarstöðva til framleiðslu á beztu kynjum jarðepla til útsæðis í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- f. að veita styrk og lán til klakstöðva í samráði við Veiðimálanefnd.

26. gr.

Í reglugerð fyrir Kreppulánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins, starfrækslu og dráttarvexti, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögnum.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kreppunefnd flytur frv. samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra eins og hann lagði það fyrir nefndina, og mun nefndin taka það til athugunar á fundum næstu daga.

Fr. fylgdi eftirfarandi greinargerð frá ráðherra:

„Með bréfi dags. 23. nóvember 1932 skipaði ráðuneytið þá Tryggva Þórhallsson alþingismann, Sigurð Kristinsson forstjóra og Pétur Ottesen alþingismann í nefnd til þess að athuga hag landbúnaðarins og fjárhagsástandur bænda og gera tillögur um þær ráðstafanir, sem tiltækilegast er að gera fjárhag bænda til styrktar og landbúnaðinum til viðreisnar í þeim örðugleikum, er heimskreppan veldur.

Nefndin hefir leyst mikið og merkt starf af hendi, safnað skýrslum um skuldir hvers bónda á landinu og samið ýmis frv. til laga, er miða að því að ráða bætur á hinni erfiðu fjárhagsaðstöðu bændastéttar landsins.

Eitt þessara frv. er frv. um Kreppulánasjóð.

Verður ráðuneytið að lita svo á, að nefndin hafi þar lagt góðan grundvöll til að byggja á ráðstafanir til stuðnings bændum í fjárkreppu þeirra.

En við athugun á skýrslum þeim, sem bændanefndin hefir aflað um hag bænda, hefir ráðuneytið komið að þeirri niðurstöðu, að æskilegt sé og jafnvel óhjákvæmilegt, að Kreppulánasjóði sé þegar séð fyrir allmiklu meira fé til þess að hann fái leyst af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað.

Hefir því þótt rétt að hækka heimild til framlags ríkissjóðs í skuldabréfum

um allt að 3 milljónum króna og veita auk þess heimild til að hækka sjóðinn um allt að 2 milljónum króna með beinu framlagi úr rikissjóði á árunum 1934—1940, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, eða lög sett um sérstaka tekjustofna i því skyni.

En jafnframt er þá gert ráð fyrir, að Kreppulánasjóður verði þess megnugur að bera þær byrðar, er leiða munu af lagasetningu um frestun afborgana og vaxtalétti á fasteignaveðskuldum landbúnaðarins, svo sem bændanefndin mun leggja til í öðru frumvarpi.

Ennfremur er þess þá vænzt, að Kreppulánasjóður geti veitt bændum verðuppbót að vissu marki á útfluttu kjöti á þessu ári, ef óhjákvæmilegt þykir, og veitt frystihúsum bænda og mjólkurbúum og nokkrum öðrum hagsmunamálum bænda allverulegan stuðning. Við það eru miðaðar heimildir þær, er í 24. og 25. gr. getur.

Þá hafa og verið gerðar nokkrar aðrar breytingar á frv. nefndarinnar. Má þar telja ákvæði um, að skuldabréf rikissjóðs skuli vera fullgildur gjaldeyrir án affalla til greiðslu eldri skulda en frá 1. janúar 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignarveði eða handveði, og ákvæði 5. gr. 5. málsg. um að lán úr Kreppulánasjóði og skuldir þær, sem samið er um þegar lánin eru veitt, skuli vera forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangsskuldum, sem nú eru í lögum. Virðist ekki verða komið hjá þessu ákvæði, þar sem mörgum bændum mundi erfitt að setja gildar tryggingar fyrir lánunum. Þá eru sett nokkru skýrari ákvæði um, að þegar lýst er eftir kröfum á lánbeiðanda samkv. 8. gr., nái þær kröfur einnig til ábyrgða. Ennfremur hefir þótt rétt að setja í frv. ákvæði um, að heimilt sé að heimta inn lán með hærri afborgunum, ef efnahagur lántakanda breytist mjög til batnaðar, og að lán falli í gjalddaga, ef lántakandi skiptir um atvinnuveg. Og loks hefir verið sett nýtt ákvæði um stjórn Kreppulánasjóðs, þar sem bændanefndin hefir ekki orðið sammála um það atriði. Hefir þótt sjálf-sagt, að stjórn Búnaðarbankans hafi með höndum stjórn sjóðsins að öllu leyti, eftir að útlánnum lýkur og að Búnaðarbankinn annist afgreiðslu hans og reikningshald, enda munu menn sanumála um það atriði. Verður því að telja rétt, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans eigi sæti i stjórn sjóðsins þegar frá byrjun.

Hinsvegar má líta svo á, að þar sem gert er ráð fyrir, að rikissjóður leggi fram fullar 12 milljónir króna sem höfuðstól sjóðsins, þá verði Alþingi að hafa nokkra i hlutun um skipun stjórnar hans. Er því lagt til, að á meðan útlán fara fram úr Kreppulánasjóði, þá verði stjórn sjóðsins skipuð aðalbankastjóra Búnaðarbankans og tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis.

Að öðru leyti visast til skýrslna nefndarinnar“.

Fr. fylgja ennfremur: „Skýrslur um efnahag bænda i árslok 1932“, frá bændanefndinni, sem skipuð var með bréfi atvinnumálaráðherra 23. nóv. f. á.

Við framsögu málsins verður gerð grein fyrir starfi og tillögum bændanefndar.